

RÚTA SÁLANNA

Þrjátíu litlar sálir stóðu og biðu á rúrustöðinni. Þær voru orðnar hundblautar á að standa í rigningunni, en það skipti þær engu máli. Það eina sem komst að í huga þeirra var það að þær væru loksins að hefja leiðangurinn, stundin sem þær höfðu beðið eftir í svo mörg ár að þær voru búnar að missa tölu á þeim. Þær höfðu verið teknar um leið og þær urðu til og settar í skóla Guðs, þar sem þær voru þjálfaðar til að fara niður til jarðar og hefja einskonar „verkefni“, sem fólst í því að koma líkama sínum, sem Guð skapaði handa þeim, í gegnum lífið á sem bestan hátt. Þegar líkaminn myndi að lokum gefa sig, myndu sálirnar ekki deyja með honum, heldur fara til Paradísar. Paradís var staður sem að allar sálir þráðu að komast til.

Jósef og Lúkas, tveir litlir sálnastrákar, voru nú á leið í mesta ferðalag lífs síns. Fyrsti staðurinn sem þeir myndu heimsækja var verksmiðja Guðs, en þar myndi Guð veða þá og meta og ákveða hvaða líkami hentaði þeim best. „Hlakkarðu ekki til að hitta herra Guð og vera loksins sendur niður til jarðar?!” spurði Lúkas og andlitið ljómaði af spenningi. „Ekkert smá! Þá erum við einu skrefi nær því að fara til Paradísar, og þar getum við loksins farið að slaka á. Ég er kominn með leið á því að vera sífellt að vinna,” sagði Jósef. Það kom hneykslunarsvipur á Lúkas. „Heyrðu, bara svo þú vitir það, þá bíður okkar heilmikil vinna þegar við komum til jarðar!” Hneykslunarsvipurinn breyttist í glott. „Letingi!” „Hvern ert þú að kalla letingja?” Jósef réðst á Lúkas og þeir kútveltust um í blautu grasinu í gamnislag.

Skyndilega heyrðust drunur og gríðarstór rúta ók inn á stöðvarplanið. Jósef og Lúkas hættu að slást og stóðu upp. Þeir hlupu í átt að rúttunni og fóru í röðina með hinum sálunum. Þegar þeir stigu inn í rúttuna sáu þeir hvar rúttubílstjórinn sat með listann frá Guði og hakaði við nafn hveðrar sálar sem kom inn. Þegar Jósef og Lúkas höfðu gefið til kynna hverjir þeir væru, settust þeir í gömul, slitin sæti í rúttunni og héldu áfram að spinna sögur um verksmiðju Guðs. „Ég þori að veðja að verksmiðjan hans er ægilega flott og tæknivædd, hún hlýtur að vera nánast sjálfvirk, ég er nokkuð viss um að Guð myndi aldrei taka í mál að láta gömlu sálirnar sínar halda verksmiðjunni við, það væri alltof mikið álag,” sagði Jósef. „Nei, nei, þær fara náttúrliga til Paradísar þegar verkefninu á jörðu er lokið. Það er engin spurning um að verksmiðjan er sjálfvirk,” sagði Lúkas. „Auðvitað. Kjáni get ég verið,” sagði Jósef og hristi hausinn.

Eftir tveggja tíma keyrslu renndi rúttan upp að verksmiðju Guðs. Allar sálirnar iðuðu í sætunum sínum. Þegar rúttan stöðvaðist og rúttubílstjórinn opnaði dyrnar þustu sálirnar út. Þarna, beint fyrir framan þær, stóð hann sjálfur, hinn

eini sanni Guð. Spenningurinn leyndi sér ekki. Jósef og Lúkas voru engin undantekning. Þeir kepptust við að verða fremstir í þvögunni. Þeir hlupu fram hjá verksmiðjunni, sem var þakin gluggum. Á hlaupunum gátu þeir ekki staðist freistinguna að kíkja inn um gluggana. Furðuleg sjón blasti við þeim. Þarna inni var tugur sála, sem allar voru þreytulegar og leiðar. „En skrítið. Ég hélt að sálirnar færu til Paradísar þegar verkefni þeirra á jörðu væri lokið. Af hverju ætli það séu svona margar sálir hérna?“ sagði Lúkas. „Þetta hljóta bara að vera sálir sem verðskulduðu ekki að fara niður til jarðar. Samt, ég hélt að Guð sendi allar sálir niður til jarðar svo að þeir gætu unnið að því að komast til Paradísar,“ sagði Jósef. En þeir höfðu engan tíma til að velta þessu betur fyrir sér. Guð var byrjaður að taka sálnatal og sendi sálirnar inn í verksmiðjuna að leita sér að líkama. „Ég get ekki beðið!“ hrópaði Jósef. „Þetta verður magnað ævintýri.“

Þegar Jósef og Lúkas komu til Guðs spurði hann hvað þeir hétu, merkti við þá og sendi þá áfram inn í verksmiðjuna. Þegar þeir komu þangað biðu allar sálirnar í einum hnapp. Eftir bið í nokkra stund arkaði Guð inn í miðjan hópinn. Hann byrjaði að kalla upp nöfn sálna sem áttu að fara áfram inn í annað herbergi þar sem þær myndu velja líkama. Jósef og Lúkas biðu þolinmóðir eftir að Guð kallaði þá upp. En í lok dagsins hafði Guð einungis kallað upp nöfn helmings sálnahópsins. Hann hlyti að halda áfram daginn eftir. En þegar hann hafði lokið við listann sinn, henti hann honum í ruslið og skipaði restinni af sálunum, Jósefi og Lúkasi þar með töldum, að grípa kúst og hefjast handa við ræstingarvinnuna. Hann hafði tekið frá rúm í svefnsalnum og þar áttu sálirnar að hvíla sig á milli vakta. Svo svona fór hann að því að fá sálir til að vinna í verksmiðjunni sinni, hugsuðu Jósef og Lúkas. Nú skildu þeir loksins af hverju sálirnar í gluggunum höfðu verið svona þreytulegur og leiðar. Þær voru í þrælavinnu. Og nú áttu þeir líka að fara í þrælavinnu. Einhvern veginn fannst þeim þetta ekki rétt. En ef að þetta var vilji Guðs hlaut þetta að vera hið rétta. Svo að litlu sálnastrákarnir tveir hófust æðrulausir handa við vinnuna. Þeir yrðu bara að bíða í aðra öld eftir því að komast til Paradísar.

Þetta, kæru vinir, var sagan af lífi sálar.